

SAMÞYKKT OG GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Reykjavík.

Borgarstjórn Reykjavíkur gerir eftirfarandi samþykkt og gjaldskrá fyrir sorphirðingu í Reykjavík.

1. gr.

Innheimta skal sorphirðugjald fyrir hirðingu og förgun sorps og framleiðsluúrgangs sem til fellur í atvinnuhúsnaði. Gjaldið miðast við vikulega tæmingu og gerð íláta samkv. eftirfarandi:

Ílát	240 lítrar	1,0 eining	6 700 kr/ári
Ílát	200 lítrar	1,0 eining	6 700 kr/ári
Gámur	660 lítrar	3,5 eining	23 450 kr/ári
Poki	100 lítrar	0,45 eining	3 015 kr/ári

2. gr.

Í húsum þar sem er bæði atvinnuhúsnaði og íbúðir er fjöldi og stærð íláta hvers aðila fyrir sig skráð af hreinsunardeild Reykjavíkurborgar og skráningardeild fasteigna. Séu ílát samnýtt skiptist fjöldi þeirra milli aðila eftir eignarhlutfalli sé það fyrir hendi, ella eftir flatarmáli eignarhluta.

3. gr.

Sorphirðugjald innheimtist með fasteignagjöldum. Breytist fjöldi íláta eða stærð þeirra við einstaka fasteign skal breytingin skráð af hreinsunardeild Reykjavíkurborgar og skráningardeild fasteigna og kemur breyting á gjaldi til leiðréttingar hjá Gjaldheimtunni í Reykjavík.

4. gr.

Heimilt er hreinsunardeild Reykjavíkurborgar að selja sérmerкта poka á verði sem innifelur sorphirðugjald. Poka þessa má nota fyrir tilfallandi sorp við atvinnuhúsnaði. Sorp verður ekki hreinsað þar nema úr skráðum ílátum eða sérmektum pokum. Hreinsunardeild er einnig heimilt að taka að sér aukahreinsanir reglulega eða samkvæmt einstökum beiðnum og taka fyrir gjald sem svarar til alls þess kostnaðar sem af hreinsuninni stafar.

5. gr.

Til tryggingar á greiðslu samkvæmt gjaldskrá þessari er lögveðréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

6. gr.

Samþykkt þessi og gjaldskrá er sett samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. 8. gr. laga nr. 47/1990.

7. gr.

Samþykkt þessi og gjaldskrá öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 3. apríl 1991.

F. h. r.
Páll Línadal.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.